

79 Árnæssýslu, staðfest af amtsráði Suðuramtsins 3. júlí 1895, svo og allar eldri á 5. ágúst kvarðanir, er koma í bága við reglugjörð þessa, skulu úr gildi numdar.

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík 5. ágúst 1902.

J. Havsteen.

80

6. ágúst

Skýrsla

um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 21.—22. júlí 1902.

Ár 1902 21. dag júlímán. var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess, amtmanni Julius Havsteen ásamt amtsráðsmönnunum, sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni í Kirkjubæjar-klaustri (úr Vesturskaptafellssýslu), síra Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangárvallasýslu), prófasti Valdimar Briem á Stóra-Núpi (úr Árnæssýslu), hjeraðslækni Þórði J. Thoroddsen í Keflavík (úr Gullbringu- og Kjósarsýslu) og prófasti síra Guðmundi Helgasyni í Reykholti (úr Borgarfjarðarsýslu).

Forseti lagði fram tilkynningar sýslumannanna í Rangárvallasýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu um kosning varaamtsráðsmanna, sem kosnir höfðu verið í stað þeirra, sem misst höfðu sæti í ráðinu vegna þess, að þeir höfðu flutt sig úr amtinu.

Kosnir höfðu verið:

I. Fyrir Rangárvallasýslu,

sýslunefndarmaður Eyjólfur Guðmundsson í Hvammi í stað Sighvats alþingismanns Árnasonar, sem er fluttur til Reykjavíkur, til 31. maí 1904.

II. Fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu:

prófastur síra Jens Pálsson í Görðum, í stað Þorláks bónda Guðmundssonar frá Fífuhvammi, sem er fluttur til Reykjavíkur, til 31. maí 1904.

III. Fyrir Borgarfjarðarsýslu:

skólastjóri Hjörtur Snorrason á Hvanneyri, í stað síra Ólafs Ólafssonar, sem er nú í Hjarðarholti í Laxárdal (innan Vesturamtsins), til 31. maí 1907.

Amtsráðið fann ekkert við kosningar þessar að athuga.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1901, og var hann falinn amtsráðsmanninum úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurskoðunar.
2. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins fyrir 1901 var falinn amtsráðsmanninum úr Rangárvallasýslu til endurskoðunar.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu fyrir 1901 var falinn amtsráðsmanninum úr Árnæssýslu til endurskoðunar.
4. Ennfremur lagði forsetinn fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikning yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólastofn-

unina 1901—1902, reikning skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins eða efnahagsreikning búsins 1901—1902, með tilheyrandi jafnaðarreikningi skólabúsins 31. maí 1902, sjóðsreikningi skólabúsins 1901—1902 og skrá yfir eignir þess 31. maí 1902.

Ennfremur var framlagður reikningur eða skýrsla um kostnaðinn við byggingu steinfjöss þess á Hvanneyri, sem byggt hefir verið á árunum 1900—1901, viðskiptareikningar við kaupmenn og reikningur yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarkirkju 1901—1902.

Allir þessir reikningar voru afhentir amtsráðsmönnum úr Vesturskaptafellssýslu og Borgarfjarðarsýslu til endurskoðunar.

5. Forseti skýrði frá, hvernig sýslumenn hefðu fullnægt úrskurðum, sem amtsráðið hefði lagt á eldri sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga.
6. Framlagðir voru sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningar úr öllum sýslum amtsins fyrir 1901, sem höfðu verið endurskoðaðir af endurskoðendum sýslunefndanna og yfirtarnir af forseta ráðsins; amtsráðið úrskurðaði þar næst reikningana.
7. Þá voru framlögð og yfirfarin endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna.

A. Úr Vesturskaptafellssýslu frá 3.—4. apríl þ. á.

Niðurlögnunin nemur 1650 kr., en sú upphæð, sem má jafna niður án samþykkis amtsráðsins, er kr. 1603,03. Það skyldi samt við svo búið standa, og samþykkti amtsráðið niðurlögnunina.

B. Úr Vestmannaeyjasýslu frá 21. jan. þ. á.

C. Úr Rangárvallasýslu 1. og 2. apríl og 7. júlí þ. á.

Útaf því sem gjörzt hafði á fundi sýslunefndarinnar 7. þ. m., um ráðstafanir til þess, að varna skemmdum af Þverá, og lántöku af hálfu sýslufjelrgsins í þessu ákyni, fól amtsráðið forseta að veita samþykki ráðsins til slíks láns, þegar að því kæmi, að það yrði tekið.

D. Úr Árnessýslu frá 14.—19. apríl þ. á.

Niðurlögnunin nemur 5000 kr., en það, sem má jafna niður án samþykkis amtsráðsins er kr. 4333,64. Amtsráðið ályktaði, að við þetta mætti standa og samþykkti niðurlögnunina.

E. Úr Fullbringu- og Kjósarsýslu frá 9.—11. apríl þ. á.

F. Úr Borgarfjarðarsýslu frá 14.—15. apríl þ. á.

8. Forseti skýrði frá því, að hann hefði fyrir hönd amtsráðsins samþykkt, að sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefði tekið að sjer ábyrgð fyrir 3000 kr. láni, sem fyrirhuguð rjómabústofnun í Holta- Ása- og Rangárvallahreppum hefði í hyggju að taka, til þess að stofnunin gæti komist á fót og unnið að starfi sínu, sbr. 19. gr. fjárlaganna fyrir 1902—1903.
9. Forseti skýrði ennfremur frá því, að hann hefði fyrir hönd ráðsins samþykkt, að sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði tekið að sjer sjálfskuldarábyrgð fyrir 6000 kr. láni, sem Garðahreppur vildi taka til þess, að koma upp barnaskóla fyrir hreppinn. Þetta lán hafði hreppurinn fengið úr Thorkillii barnaskólasjóði gegn 4% vaxtagreiðslu.
10. Forseti skýrði ennfremur frá því, að hann hefði fyrir hönd amtsráðsins sam-

þykkt, að sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu útvegi Halldóri Jónssyni á Álafossi viðbótarlán, að upphæð kr. 2000, annaðhvort með lántöku eða sjálfskuldarábyrgð gegn hlutdeild í þeirri tryggingu, sem sýslunefndin þegar hefir í tóvinnuvjelunum á Álafossi, eða verksmiðjunni þar fyrir 6000 kr. láni því, sem sýslunefndin útvegaði Halldóri Jónssyni í fyrra, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 24.—25. júní 1901 (Stjórnartíðindi 1901, B. bls. 145).

11. Forseti skýrði þá enn frá því, að hann hefði fyrir hönd amtsráðsins samþykkt, að sýslunefndin í Árnessýslu hefði ályktað að takast á hendur ábyrgð upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins fyrir 20,000 kr. láni úr landsbankanum, sem þeir Erlendur Þórðarson í Þorlákshöfn, Guðni Jónsson á Hlíðarenda og Guðmundur Jónsson á Hrauni ætlaðu að taka, til þess að koma á fót tóvinnuvjelum við Varmá í Ölfusi, gegn þeirri tryggingu sýslufjelaginu til handa, að það fengi 1. vadrjett í vjelum og húsi stofnunarinnar og að auki sjálfskuldarábyrgð eustakra manna, er oddviti tæki gilda í því tilliti, fyrir að minnsta kosti 7000 kr. af ábyrgðarupphæðinni, þannig að sjálfskyldar ábyrgð þessi fjelli niður, jafnskjótt sem greiddar væru 7000 kr. af lásupphæðinni, og ennfremur gegn þeirri tryggingu, að sýslunefndin hefði rjett til að hafa nákvæmt eptirlit með stofnuninni.
12. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Árnessýslu á fundi hennar 14.—19. apríl þ. á., að taka 2000 kr. lán í landsbankanum til þess að greiða með því tillag það, að upphæð 2665 kr. 67 a., sem nefndin hafði á aðalfundi sínum í fyrra heitið úr sýslusjóði til endurbótar á innsiglingu og skipalægi við Stokkseyri.
13. Amtsráðið samþykkti sömuleiðis samskonar ályktun sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu frá fundi hennar 1.—2. apríl þ. á. og leyfði, að lánið yrði tekið í landsbankanum, ef það eigi fengist með ódýrari kjörum í einhverjum opinberum sjóði.
14. Forseti lagði fram hinar fyrirskipuðu skýrslur um efnahag styrktarsjóða handa alþýðufólki fyrir 1901 úr öllum sýslum amtsins. Skýrslur þessar voru yfirfarnar með hliðsjón af hinum framlögðu endurritum af gjörðabókum sýslunefndanna, og ekkert fundið við þær að athuga. Amtsráðið fann samt ástæðu til að fyrirskipa, að sýslumaðurinn í Vestmannaeyjasýslu ætti eptirleiðis að miða hinar árlegu skýrslur sínar við hið liðna ár, en eigi gefa þær á miðju árinu.
15. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 28. maí þ. á., og þar með ágripsendurrit af gjörðabók sýslunefndarinnar þar, viðvikjandi fundarhaldi hennar 9.—11. apríl þ. á. Samkvæmt endurriti þessu, leggur nefndin það til, að þær breytingar yrðu gjörðar á yfirsetukvennaumdæmum sýslunnar, að
 1. Umdæmi Gardahrepps og Bessastadahrepps sjeu eitt umdæmi.
 2. Tvö umdæmi yrðu gjörð úr hinum þremur umdæmum Njarðvíkurhrepps, Rosmhvalanesshrepps og Miðneshrepps, og skyldi annað umdæmið ná

yfir Njarðvík, Keflavík og Leiru, en hitt yfir Garðinn og allan Miðneshrepp.

80
6. ágúst

Amtsráðið samþykkti þessa tillögu á þessa leið:

1. 5. og 6. yfirsetukvennaumdæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem samkvæmt auglýsingu 25. septbr. 1901 (Stjórnartíðindi 1901, B. bls. 136—138) ná yfir Garðasókn og Bessastadasókn, skulu eptirleidis vera eitt umdæmi, sem verður hið 5. í röðinni, og nær yfir Garða- og Bessastadahreppa.
2. Úr 8., 9. og 10. yfirsetukvennaumdæmum sýslunnar, sem samkvæmt fyrnefndri auglýsingu 25. sept. 1901 ná yfir Njarðvíkursókn ásamt Keflavík, Útskálasókn, að undantekinni Keflavík, og Hvalsnessókn, myndist tvö umdæmi, hið 7., sem skal ná yfir Njarðvíkurhrepp, Keflavík og Leiru, og hið 8., sem skal ná yfir Garðinn og allan Miðneshrepp.

Við þetta verður 7. umdæmið, sem nær yfir Kálfatjarnarsókn, hið 6. í röðinni, Hafnahreppur hið 9. og Grindavíkurhreppur hið 10. yfirsetukvennaumdæmi sýslunnar.

Að því er snertir bústað yfirsetukvenna, þá ræður sýslunefndin því, hvar þær skuli vera settar, sbr. 1. gr. yfirsetukvennalaga 17. desbr. 1875.

16. Forseti lagði fram skýrslu amtsdýralæknisins, dags. 1. maí þ. á., um ferðir hans á síðastliðnu hausti um nágrannasveitirnar hjer, til þess að bólusetja fje, og reyna hið nýja bóluefni, sem hann hafði fengið frá landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn. Hann hafði bóluset nokkuð á annað þúsund, og hafði bóluefnið reynt fremur gott. Dýralæknirinn skýrir ennfremur frá því, að hann síðastliðið haust hafi útbýtt bóluefni í rúm 100,000 fjár, og að allar sýslur í Suður- og Vesturömtunum hafi fengið sinn skerf, eins og þær hafi bedið um, nema Ísafjarðarsýsla, en þaðan hefði ekkert verið pantað. Auk þess hafði dýralæknirinn útbýtt talsverðu bóluefni í Norður- og Austuramtinu. Um árangurinn af bólusetningunni út um landið gat dýralæknirinn eigi sagt neitt ákveðið ennþá, þar sem hann hafði eigi fengið nærri allar skýrslur þar að lútandi.
17. Það hafði komið til tals, að amtsdýralæknirinn færi norður á síðastliðnu vori, til þess að rannsaka hina svonefndu »skitupest« í sauðfje, sem gjört hefur talsvert vart við sig í Þingeyjarsýslu. Dýralæknirinn fór svo af stað með »Hólum« í apríl, en varð að snúa aptur sökum ísa, og varð þá ekkert úr þeirri ferð, enda kom þá boð til amtmanns um, að sótt þessi væri uppi í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og kvaðst forseti því hafa hlutast til um, að dýralæknirinn færi þangað.

Forseti lagði fram skýrslu dýralæknisins, dags. 26. maí þ. á., samkvæmt henni stafar »skitupest« þessi af ofur-litlum hármjóum ormum (Strongylus), sem hafast við í maga (vinstur) og görnum kindarinnar. Hafði dýralæknirinn gjört nokkrar lækningatilraunir á nokkrum gemlingum á Lundum í Stafholtstungum, en um árangurinn af þeim getur læknirinn að svo stöddu eigi sagt neitt ákveðið, enda voru sjúku kindurnar fáar, og þeim í sjálfu sjer naumast við bjargandi eptir fleiri mánaða veikni. Frekari lækninga-

80
6. ágúst

tilraunir hlytu að bíða næsta vetrar. Eptir skýrslu dýralæknis virðist veiki þessi hafa gjört vart við sig á flestum bæjum í Borgarfirði á síðastliðnum vetri.

18. Forseti skýrði frá því, að hann hefði á síðastliðnu sumri lagt sýslumönnum á hinu svo nefnda kláðagrunaða svæði í báðum ömtunum fyrir, að láta almennar fjárskodanir fram fara að haustinu til, þegar fje væri komið af fjalli, og viðhafa aðskilnað á sjúku og heilbrigðu og lækningar á því, sem fyndist með kláða. Skýrslur sýslumanna um áraugurinu af þessari ráðstöfun höfðu sýnt, að kláði væri með minnsta móti, og enn vægari, en í fyrra að því leyti, sem enginn kláði hefir fundizt í Nordurisafjarðarsýslu og Árnessýslu og þvínær enginn í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Kláði hefur aðeins fundizt í 148 kindum alls á 77 heimilum. Forseti kvaðst því eigi hafa fundið ástæðu til að gefa út sjerstakar fyrirskipanir, snertandi varnir gegn fjárkláða á síðastliðnu vori, bæði vegna þess, að svo lítið hefði borið á honum, og svo vegna þess, að það meðul, sem hið opinbera á að leggja til lögskipaðra ráðstafana gegn fjárkláða, samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1901, um viðauka við og breyting á tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilskipun 4. marz 1871, um viðauka við þessa tilskipun, sem öðluðust gildi 26. febr. þ. á., eigi gátu verið til taks nógu snemma.

Forseti skýrði frá því, að hann nú hefði með brjefum, dags. 20. og 21. f. m., fyrirskipað almennar skodanir á fje á hinu kláðagrunaða svæði, þegar fje væri komið af fjalli, og að viðhafa lækningar á sjúku fje, og aðskilnað á sjúku fje og heilbrigðu, og væri í ráði, að amtsdýralæknirinn ferðaðist um og leiðbeindi mönnum við framkvæmd á böðunum, að svo miklu leyti, sem tíminn leyfði.

Forseti skýrði enn fremur frá því, að hann hefði sent sýslumönnum til útbýtingar leiðarvísi um tóbaksbað, og um sóttthreinsanir fjárhúsa með þremur aðferðum. Með tilliti til heilbrigðisástands sauðfjárins, og hafandi fyrir augum þær ráðstafanir gegn fjárkláða, sem nú voru nefndar, og sem skyldu gjörðar á komanda hausti og vetri, kvaðst forseti hafa í samráði við dýralækni gjört áætlun um, hvað mikið skyldi kaupa af baðlyfjum, til þess að fullnægja 4. gr. fyrnefndra laga 8. nóvbr. 1901, og þar eptir útvegað 7186 pd. af tóbaksblöðum og 96 pd. af tóbakslegi (til reynslu), sem alls hefði kostað 3124 kr. 31 eyri. Þessum forða hefði svo verið skipt niður á sýslurnar og sendur með Skálholti og Reykjavík á tiltekna staði, en það, sem ætlað er Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnessýslu, er geymt hjer, og er það 1386 pd. Forseti skýrði enn fremur frá fyrirkomulagi því á útbýtingu baðlyfja, sem hann hefði sagt fyrir um, og að hann hefði bedið sýslumenn að leiða athygli fjáreigenda að því, að það meðulum yrði aðeins útbýtt ókeypis til lögskipaðra ráðstafana eptir 4. gr. laganna, en menn yrðu sjálfir eptir sem áður að kaupa sjer þau lyf, sem þeir notuðu við þrifaböð á sauðkindur og lömb, enda vænti hann, að menn hættu eigi að viðhafa slík böð

af þeirri sök, að þeir sjálfir yrðu að bera kostnaðinn við þau, eins og hing- **80**
að til. Forseti kvaðst eigi hafa fundið ástæðu til að skipa sjerstaka eptir- **6. ágúst**
litsmenn eptir 2. gr. fyrnefndra laga 8. nóvbr. 1901.

19. Forseti lagði fram frumvarp til Reglugjörðar fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði o. fl. Amtsráðið ihugaði þetta frumvarp, og staðfesti það til þess að öðlast gildi 1. sept. næstkomandi.
20. Forseti lagði enn fremur fram frumvarp til Fjallskilareglugjörðar fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu. Amtsráðið ihugaði þetta frumvarp og staðfesti það til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1902.
21. Forseti lagði fram bænarskrá frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, dags. 21. þ. m., þar sem það sækir um 200 kr. árlegan styrk úr jafnaðarsjóði til styrktar því fyrirtæki fjelagsins, að koma upp skógræktarstöð við Raudavatn í Mosfellssveit, sem þegar er byrjað á. Amtsráðið ályktaði, að veita fjelaginu 150 kr. til fyrirtækisins á yfirstandandi ári.
22. Forseti lagði fram bónarbrjef, dags. 26. f. m., frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík, um styrk úr jafnaðarsjóði amtsins, reikning yfir tekjur og gjöld skólans frá 1. sept. 1900 til 31. ágúst 1901 og skýrslur um skólahaldið 1901—1902 og vorpróf 1902.

Amtsráðið veitti skólanum 100 kr. úr jafnaðarsjóði.

23. Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Árnessýslu og Rangárvallasýslu veitti amtsráðið sæluhúsverði Guðna Þorbergssyni á Kolviðarhóli 100 kr. úr jafnaðarsjóði.
24. Forseti lagði fram erindi dags. 1. þ. m., frá Guðmundi Lýðssyni á Fjalli á Skeiðum, þar sem hann sækir um 100 kr. styrk á ári úr jafnaðarsjóði til stofnunar og viðhalds á kynbótabúi fyrir sauðfje, sem hann ætlar að koma upp á nefndum stað.

Amtsráðið áleit, að málefni þetta væri eptir eðli sínu sýslumál, og að það lægi beinast við, að sýslufjlagið tæki það að sjer til styrktar og eptirlits með styrk Búnaðarfélagss Íslands og búnaðarfélagsmanna í sveitunum. Amtsráðið gat því eigi fundið ástæðu til að leggja nokkurn styrk fram til þessa fyrirtækis.

25. Lagðir voru fram aptur reikningar yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins, Búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins, og styrktarsjóðs verðugra og þurfsandi þjóðjardalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu fyrir 1901, og höfðu þessir reikningar verið endurskoðaðir. Amtsráðið samþykkti þá alla án athugasemda.
26. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 26. apríl þ. á., þar sem hann ber undir samþykki amtsráðsins þá ályktun sýslunefndarinnar, að veita trjesmið Þorkeli Hreinssyni á Eyrarbakka 30 kr. styrk árlega af sýslusjóði til þess að kosta barn hans, mállausan hálfvita, á uppeldisstofnun í Danmörku, á meðan hann þyrfti styrksins við til þess og þægi eigi af sveit. Í annan stað mælir sýslunefndin með því, að manni þessum verði veittur styrkur til framfærslu barnsins af jafnaðarsjóði, er nemi

100 kr., eða svo mikil upphæð, sem amtsráðið sæi sjer fært að veita. Ennfremur var framlagt erindi frá Þorkeli Hreinssyni sjálfum, þar sem hann sækir um, að amtsráðið vilji veita til framfærslu barnsins 120 kr. á ári.

Amtsráðið sá sjer eigi fært að veita hinn umbeðna styrk, nje heldur samþykkja framlag til þessa úr sýslusjóði, en vildi aptur á móti taka það fram, að því virtist rjettara, að snúa sjer með þessa styrkbeiðni til alþingis, er leggur fje til þess, að annast daufdumba, en þar sem aumingi sá, sem hjer á í hlut, er kominn á stofnun í Danmörku og nýtur þar styrks af ríkissjóði, og getur því að eins haldið áfram að dvelja þer, að faðir hans fái styrk til þess, að borga fyrir hann þar, þá vill amtsráðið mæla sem bezt með því, að manni þessum verði veittur styrkur til þess úr landssjóði.

27. Forseti skýrði frá úrskurði þeim, sem hann hafði lagt á athugasemdir endurskoðanda við efnahagsreikning skólábúsins á Hvanneyri fyrir 1900—1901 og fjellu þer niður eptir svörunum.

Framlagðir voru aptur reikningar yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikningur yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólastofnunina 1901—1902, reikningur skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólábúsins eða efnahagsreikningur búsins 1901—1902 með tilheyrandi jafnaðarreikningi skólábúsins 31. maí 1902, sjóðsreikningi skólábúsins 1901—1902, og skrá yfir eignir þess 31. maí 1902. Ennfremur var aptur framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarkirkju 1901—1902, og reikningur eða skýrsla um kostnaðinn við fjós það, sem byggt hefir verið á skólasetrinu fyrir 5936 kr. 16 a. á árunum 1900—1901, og sem er að stærð 15×30 álnir og úr steini með jarnþaki.

Reikningarnir voru allir samþykktir án athugasemda.

Skýrsla skólastjóra um kennsluna á skólanum 1901—1902 og framkvæmdir á jarðabótastörfum o. fl. á skólasetrinu, var ókomin.

Forseti skýrði frá því, að ráðagjörðir stjórnarnefndar Hvanneyrarskólans og sínar öðru megin og stjórnarnefndar »Búnaðarfjelags Íslands« hins vegar, sem fram fóru í fyrra vor, og sem amtsráðinu eru kunnar, um stofnun mjólkurmedferðarkennslu, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 24.—25. júní f. á. (Stjórnart. 1901, B. bls. 147—148) hefðu leitt til þess, að forseti hefði gjört samning fyrir hönd amtsráðsins við stjórn Búnaðarfjelagsins um þetta málefni, eptir að það hafði verið rætt ítarlega á búnaðarþingi, þar sem amtsráðsmaðurinn úr Vesturskaptafellssýslu og forseti eiga sæti, og voru til staðar. Forseti framlagði þennan samning, og er fyrirkomulagið það, að Búnaðarfjlag Íslands skyldi leggja fram 6000 kr. til þess að koma upp tvíloptuðu húsi á Hvanneyri, sem rúmaði bæði kennslu og hiberni handa kennara og nemendum og til þess að útvega innanstokksmuni í húsið og nauðsynleg kennsluáhöld. Kostnaðurinn við rekstur kennslunnar skyldi hvíla á fjelaginu. Nemendurnir skyldu eigi greiða nema 15 kr. á mánuði til skólábúsins fyrir fæði, ljós og hita, og er í þessari vægu boigun svo sem fólgið tillag amtsins til stofnunarinnar. Skólabúið skyldi leggja mjólk til kennsl-

unnar, en hvað mikið mjólkurtillagið mætti vera minnst á dag, skyldi síðar **80** ákveðið, aptur á móti skyldi skólabúíð eiga alla framleiðslu af mjólkinni. **6. ágúst** Forseti skýrði þá frá, að skólastjóri hefði sjeð um framkvæmdir, sem lúta að því, að setja þetta fyrirtæki í verk, svo sem bygging hússins o. fl. Kennslan hefði byrjað snemma vetrar, en engin skýrsla var komin til amtsráðsins um kennsluna nje um tölu nemenda, önnur en sú, sem í því lægi, að greiðslur búnaðarfelagsins til skólabúsins, og til þess að koma stofnuninni á fót, hefir gengið í gegnum hendur forseta, en fyrir greiðslunum til skólabúsins yrði skólastjóri að gjöra reikningsskil, enda lægi þau fyrir að því leyti, er snerti fæði kennarans og nemenda (fyrst 5 og svo 4 að tölu) í efnahagsreikningi skólabúsins fyrir 1901—1902.

Amtsráðið ræddi nokkuð mjólkurmedferðarkennsluna á Hvanneyri, sjerstaklega með hliðsjón af framlögðu brjefi skólastjóra til forseta, dags. 4. febr. þ. á., og svari forseta, dags. 22. s. m., en vildi eigi gjöra nokkra ákvörðun nú um, hve mikið mjólkurtillagið skyldi vera, fyr en skýrslur og álit skólastjóra hjer að lútandi lægi fyrir.

Forseti lagði fram brjef stjórnarnefndar skólans, dags. 25. febr. þ. á., þar semhún eptir uppástungu skólastjóra og í samráði við hann hefir látið í ljós, að æskilegt væri, að leyft væri uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins að byggja nýja hlöðu á Hvanneyri nú þegar á komanda vori, sem rúmaði 1200 hesta, og sem áætlað væri, að kostaði 2000 kr. Forseti hafði eigi sjeð sjer fært, að taka málaleitun þessa til greina gagnvart yfirlýsingum amtsráðsins um nýjar byggingar á Hvanneyri (sbr. Stjtið. 1900, B. bls.134—135), enda mundi mál þetta geta beðið til amtsráðsfundarins. Jafnframt hafði forseti lýst því yfir að hann vænti, að meðtaka sundurliðaða áætlun um kostnaðinn við hlöðubyggingu þessa, sem að stærð mundi verða áþekk hlöðunni, sem var byggð 1897, og ætti hún ekki að kosta meir en 2000 kr.

Í sama brjefi hafði stjórnarnefndin hreyft því, að vatnsbólið á Hvanneyri væri ekki svo gott, sem æskilegt væri, en vatnsbrúkun væri mikil bæði handa skólabúinu og til mjólkurmedferðarkennslunnar (1200 pottar á dag). Það var hugsun nefndarinnar að bæta úr þessu með vatnsleiðslu, og þar sem hún einkum yrði gjörð mjólkurmedferðarkennslunnar vegna, mundi »Búnaðarfelag Íslands« taka þetta mál að sjer. Eptir uppástungu nefndarinnar hafði forseti síðan skrifað felaginu 18. marz þ. á., og farið þess á leit, að það tæki uppástungu þessa til yfirvegunar, og ljeti verkfræðing rannsaka, hvort hægt væri að koma vatnsleiðslu á á Hvanneyri, og gjöra áætlun um kostnaðinn. Búnaðarfelagið hefir þar næst skýrt svo frá í brjefi, dags. 23. maí þ. á., að það hefði fengið verkfræðing landsins til þess að ihuga þetta í sumar, þegar hann yrði á ferð um Borgarfjörð.

Þá var framlagt brjef stjórnarnefndarinnar, 12. þ. m., þar sem þær tilögur eru gjörðar, að leggja til hlöðubyggingar á næsta sumri 2500 kr., til aðstoðarkennara 300 kr. árslaur, til smiðakennslu 100 kr. og til annara þarfa (hjúanna, verkalaun, kaupstaðarvarnings og fóðurbætis) 1900 kr.

80
6. ágúst

Ennfremur er stungið uppá, að sett sje járnvirsgirðing kringum engjarnar á Hvanneyri, á þeim svæðum, þar sem skurðum yrði ekki við komið og einnig í kringum kúahagann; áætlun liggur ekki fyrir, en æskilegt væri að verk þetta yrði framkvæmt á næsta vori, og að nægilegt fje til þess væri þá til.

Amtsráðið samdi með hliðsjón af því, sem sagt er að framan, eptirfylgjandi

Áætlun

yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarskólans fyrir 1902—1903.

Tekjur.

1. I sjóði 1. júní 1902.	kr. 677,43	
2. Landssjóðsstyrkur á árinu 1903	— 2500,00	
3. Gjald úr jafnaðarsjóði á árinu 1902 eptir 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða	— 840,00	
4. Leigutekjur búnaðarskólasjóðsins á árinu 1902.	— 300,00	
5. Tillag úr jafnaðarsjóði (af jafnaðarsjóðsgjaldinu fyrir 1902 og ályktun amtssjóðsins á fundi 24.—25. júní 1901)	— 4500,00	kr. 8817,43

Gjöld.

1. Afborganir upp í lán og vaxtagreiðslur :		
a, til landssjóðs	kr. 1504,00	
b, til landsbankans	— 1167,50	
c, til kirkjusjóðs	— 132,00	kr. 2803,50
2. Skuldir frá fyrra ári:		
a, við verðslanir	kr. 115,87	
b, við aðra og skólastjóra	— 234,19	— 350,06
3. Laun skólastjóra	— 1200,00	
4. Laun aðstoðarkennara	— 300,00	
5. Til smíðakennslu	— 100,00	
6. Til hjúalauna, verkalauna, daglaunamanna, kaupstaðarvarnings, fóðurbætis o. fl.	— 1800,00	
7. Til bókakaupa handa lærisveinum	— 60,00	
8. Önnur útgjöld	— 500,00	
9. Eptirstöðvar	— 1703,87	kr. 8817,43

Amtsráðið fól forseta sínum að leyfa byggingu á hlöðu, þeirrar stærðar, sem stungið var upp á, að fenginni sundurliðaðri áætlun, og mætti til þess verja hinum áætludu eptirstöðvum 1708 kr. 87 a. auk allt að því 400 kr. úr búnaðarskólasjóði, með leyfi landshöfðingja. Um girðinguna vildi amtsráðið ekki gjöra nokkra áætlun að sinni, enda lægi ekki fyrir nein áætlun um kostnaðinn,

Þá var samið yfirlit yfir efnahag búnaðarskólafundunarinnar í fardög- **80**
um 1902. 6. ágúst

Eignir.

1. Hvanneyrareignin að kirkjunni fráskilinni . . .	kr.	17000,00	
2. Kirkjan á Hvanneyri	—	3800,00	
3. Hús	—	27350,00	
4. Lifandi peningur	—	8189,00	
5. Jarðyrkjuverkfæri, heyskaparáhöld, reiðskap- ur o. fl.	—	1620,25	
6. Bækur og kennsluáhöld	—	262,50	
7. Smíðatól og fl.	—	200,50	
8. Skip og laxveiðaáhöld	—	390,00	
9. Heyfyrningar og búsaflifar	—	3320,00	
10. Annað lausafje	—	2552,75	
11. Útistandandi skuldir	—	476,14	
12. a. Inneign í landsbankanum	kr.	614,18	
b. Hjá amtinu	—	63,25	—
			<u>677,43</u> kr. 65838,57

Skuldir.

1. Óborguð lán:

a. Úr landssjóði:

1. Eptirst. af láni frá $19/10$ '85	kr.	676,19	
2. — — — — $8/6$ '86	—	1798,58	
3. — — — — $3/9$ '82	—	7883,36	
4. — — — — $30/7$ '94	—	2526,10	
5. Lán án afborgana $24/10$ '88	—	11800,00	kr. 24684,23

b. Úr landsbankanum:

1. Eptirst. af láni frá $25/7$ '95	kr.	1800,00	
2. — — — — $10/7$ '98	—	3500,00	— 5300,00

c. Úr kirkjusjóði frá $15/1$ 1894 — 800,00

d. Úr búnaðarsjóði Suðuramtsins — 1000,00

2. Aðrar skuldir — 350,06

3. Mismunur — 33704,28 kr. 65838,57

28. Þá var rædd og samþykkt áætlun yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1903.

Tekjur:

1. Væntanl. eptirstöðvar við árslok 1902 kr. 1500,00

2. Jafnaðarsjóðsgjald, þar með talið gjald samkv.

1. gr. laga 4. júní 1898, um breyt. á gjöldum til

amtssjóðs og sýslusjóðs — 6000,00 kr. 7500,00

80

Gjöld:

6. ágúst

1. Kostnaður við amtsráðið	kr. 600,00
2. Ferðakostnaður	— 50,00
3. 9. afborg. uppí og vaxtagreiðsla af láni til Ölfus- árbrúar	— 482,63
4. Kostn. samkv. lögum 2. okt. 1891 um skipun dýralækna á Íslandi	— 200,00
5. Menntamál (Kvennaskól. í Reykjavík).	— 100,00
6. Gjald til búnaðarskóla á Hvanneyri á skóla- árinu 1903—1904, samkv. 1. gr. laga 4. júní 1898 um breyting á gjöldum til amtssjóða og sýslusjóða	— 840,00
7. Tillag til búnaðarskólans á Hvanneyri fyrir skólaárið 1903—1904	— 4000,00
8. Ýmisleg gjöld	— 400,00
9. Eptirstöðvar	— 827,37
	kr. 7500,00

29. Amtsráðið ályktaði að veita 20 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir skriptir á amtsráðsfundinum.

Fleiri mál komu eigi til umræðu, og var svo fundi slitið.

Suðuramtið, 6. ágúst 1902.

J. Havsteen.

81

Skýrsla

26. maí

um aðalfund amsráðs Vesturamtsins 10. maí 1902.

Ár 1902 10. maí var aðalfundur amsráðsins í Vesturamtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess, amtmanni Julius Havsteen ásamt amtsráðsmönnum: kaupmanni Sæmundi Halldórssyni í Stykkishólmi (úr Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu), sýslumanni Birni Bjarnarsyni á Sauðafelli (úr Dalasýslu), hreppstjóra Snæbirni Kristjánssyni í Hergilsey (úr Austurbarðastrandarsýslu), síra Þorvaldi Jakobssyni í Sauðlauksdal (úr Vesturbarðarstrandarsýslu), síra Kristni Danielssyni á Söndum (úr Vesturísafjarðarsýslu), síra Páli Stephensen á Melgraseyri (varamanni úr Norðurísafjarðarsýslu) og prófasti, síra Páli Ólafssyni í Vatnsfirði (úr Strandasýslu). Amtsráðsmaðurinn úr Mýrarsýslu, Ásgeir Bjarnason í Knararnesi var ókominn þá er fundurinn var settur, en mætti á fundinum annan dag fundarhaldsins; hafði tepptzt á leiðinni. Forseti gat